

ÍBÚAKÖNNUN Á VESTURLANDI

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða

Vífill Karlsson

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skýrsla SSV
Nr. 2 2017
Október 2017

ISSN 1670-7923



SSV
þróun og ráðgjöf

1 EFNISYFIRLIT

2	Samantekt.....	4
3	Inngangur	8
4	Aðferð og gögn.....	9
5	Mannfjöldi á Vesturlandi	14
6	Niðurstöður spurningakönnunar	15
6.1	Búsetuskilyrði	16
6.1.1	Akranes og Hvalfjörður.....	16
6.1.2	Borgarfjarðarsvæðið.....	19
6.1.3	Snæfellsnes	22
6.1.4	Dalir	25
6.1.5	Vesturland.....	28
6.2	Aldur samfélagsins	30
6.3	Ánægja með búsetu á Vesturlandi	32
6.4	Hamingja Vestlendinga.....	33
6.5	Brottlutningur.....	35
6.6	Efnahagur Vestlendinga.....	36
6.7	Húsnaðismarkaður á Vesturlandi.....	38
6.8	Menntun Vestlendinga.....	41
6.9	Stoðkerfi atvinnulífsins	45
6.10	Vinnusóknarsvæði Vestlendinga.....	47
6.11	Eldri borgarar.....	49
6.12	Útlendingar.....	53
6.13	Bakgrunnsbreytur	59
7	Viðauki	63
7.1	Merkingar þátta og skilgreiningar	63
7.2	Spurningar könnunarinnar.....	64
7.3	Forgangsverkefnalisti	65

MYNDIR

Mynd 1: Vesturland - Svæðaskipting.....	9
Mynd 2: Þátttaka í íbúakönnuninni frá upphafi	10
Mynd 3: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – Skýringarmynd.....	11
Mynd 4: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða – Skýringarmynd	12
Mynd 5: Mannfjöldi á Vesturlandi árin 1971-2017.	14
Mynd 6: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði.....	16
Mynd 7: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði.	18
Mynd 8: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði	19
Mynd 9: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði.....	21
Mynd 10: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi	22
Mynd 11: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi.....	24
Mynd 12: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Döllum	25
Mynd 13: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða í Döllum.....	27
Mynd 14: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi.	28
Mynd 15: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi.....	29
Mynd 16: Meðaltími búsetu á Vesturlandi.....	30
Mynd 17: Meðalaldur 1990-2016.	31
Mynd 18: Almennt viðhorf gagnvart búsetu á Vesturlandi	32
Mynd 19: Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?.....	33
Mynd 20: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.....	34
Mynd 21: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10.....	34
Mynd 22: Brottflutningur frá Vesturlandi á næstu tveimur árum.....	35
Mynd 23: Hlutfall íbúa sem eru í engum vanskilum.....	36
Mynd 24: Staða þjónustu við fólk í fjárhagsvanda 2010 - 2016	37
Mynd 25: Mikilvægi þjónustu við fólk í fjárhagsvanda fyrir áframhaldandi búsetu 2010-2016... 38	
Mynd 26: Staða á leigumarkaðnum 2004 - 2016.....	39
Mynd 27: Staða á sölumarkaðnum 2004 - 2016	39
Mynd 28: Mikilvægi íbúða til sölu 2004 - 2016.....	40
Mynd 29: Mikilvægi leiguíbúða 2004 - 2016.....	41
Mynd 30: Hlutfall þeirra íbúa sem eingöngu er með grunnskólapróf.....	42
Mynd 31: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið prófi í iðngrein	43
Mynd 32: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið háskólaprófi	43
Mynd 33: Hlutfall þeirra íbúa sem sóttu sí- og endurmenntun síðastliðin 2 ár.....	45
Mynd 34: Hlutfall þeirra íbúa sem sóttu þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands	46
Mynd 35: Vinnusóknarsvæði Vesturlands.....	47
Mynd 36: Vinnusóknarsvæði Vesturlands, meðalfjarlægð.....	48
Mynd 37: Vinnusóknarsvæði kvenna á Vesturlandi, meðalfjarlægð	49
Mynd 38: Mat allra íbúa á stöðu þjónustu við aldraða.	50
Mynd 39: Mat 65 ára og eldri á stöðu þjónustu við aldraða.....	50
Mynd 40: Mat allra íbúa á stöðu þjónustu við aldraða og dvalarheimila árið 2016.....	51
Mynd 41: Mat fólks 65 ára og eldri á stöðu þjónustu við aldraða og Elliheimila árið 2016.....	52
Mynd 42: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 1996-2016.....	53
Mynd 43: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10?.....	54
Mynd 44: Viðhorf til sveitarfélagsins.....	54

Mynd 45: Þjónusta við útlendinga, staða	55
Mynd 46: Líkurnar á að flytja á næstu tveimur árum.....	56
Mynd 47: Menntun	56
Mynd 48: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi að mati Útlendinga	57
Mynd 49: Viðhorf útlendinga á stöðu búsetuskilyrða borið saman við viðhorf annarra íbúa.....	58
Mynd 50: Aldursdreifing þátttakenda árið 2016	59
Mynd 51: Aldursdreifing íbúa á Vesturlandi sem voru eldri en 18 ára 1. janúar 2016	59
Mynd 52: Fjöldi barna á heimili þátttakenda 2016.....	60
Mynd 53: Hjúskaparstaða þátttakenda á Vesturlandi í könnunum frá upphafi.....	61
Mynd 54: Hlutfall þeirra sem fæddir eru erlendis, brotið upp eftir búsetu á Vesturlandi	61
Mynd 55: Kyn þátttakenda eftir búsetu á Vesturlandi	62

TÖFLUR

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara	10
Tafla 2: Forgangsverkefni á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit	17
Tafla 3: Forgangsverkefni á Borgarfjarðarsvæði.....	20
Tafla 4: Forgangsverkefni á Snæfellsnesi.....	23
Tafla 5: Forgangsverkefni í Dölum.....	26
Tafla 6: Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra	63
Tafla 7: Forgangsverkefnalisti á Vesturlandi í fullri lengd.....	65

2 SAMANTEKT

BÚSETUSKILYRÐI Á VESTURLANDI

- Heilt yfir var mikil ánægja með friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, almennt öryggi, gott mannlíf og greiða umferð á Vesturlandi.
- Þá kom fram að þættir sem batna einna mest á milli kannana tengjast vinnumarkaði. Það voru þættirnir atvinnuöryggi, úrval atvinnu og möguleikar á stofnun fyrirtækja. Þá fylgja þættirnir launatekjur og þættir sem tengjast vöruverði, framfærslukostnaði og vöruúrvali fast á eftir.
- Þeir þættir sem þátttakendur telja hafa gefið mest eftir að gæðum (staða) eru íbúðir til sölu ásamt vegakerfi.
- Fjallað verður um búsetuskilyrði sem Vestlendingar töldu að þyrftu að lagast með því að skilja á milli landsvæða á Vesturlandi og er þá stuðst við svokallaða forgangsvísitölu.
 - Á Akranesi og í Hvalfirði virðist vera mest aðkallandi að eftirfarandi þættir taki breytingum til batnaðar (í þessari röð): Húsaleigumarkaður, vegakerfi, launatekjur, framfærslukostnaður og möguleikar til afþreyingar.
 - Í Borgarfirði voru launatekjur, vegakerfi, leiguíbúðir, skipulagsmál og atvinnuúrval helstu þættir sem þyrfti að bæta.
 - Á Snæfellsnesi voru það leiguíbúðir, vöruverð, heilsugæsla, atvinnuúrval og vöruúrval sem voru efst á blaði.
 - Í Dölum var vöruverð það sem mest var aðkallandi að bæta en næst á eftir komu þættir eins og vegakerfið, launatekjur, nettengingar og úrval atvinnu.

BÚSETA

- Þátttakendur töldu almennt séð vera mjög gott eða frekar gott að búa á Vesturlandi. Um 95% íbúa á Akranesi og í Hvalfirði voru á þessari skoðun, 84% í Borgarfirði, 90% á Snæfellsnes en lægst var hlutfallið í Dölum en þar töldu 84% íbúa mjög gott eða frekar gott að búa á Vesturlandi.
 - Hlutfall þeirra sem telja mjög gott eða frekar gott að búa á Vesturlandi hækkaði á Akranesi og í Hvalfirði frá síðustu könnun árið 2013, stóð í stað á Snæfellsnesi en lækkaði annar staðar.

HAMINGJA

- Heilt yfir eru Vestlendingar hamingjusamir. Enginn munur virtist við fyrstu skoðun vera á hamingju þeirra m.t.t. kyns. Hins vegar var hamingjan breytileg eftir aldri Vestlendinga þar sem yngsti hópurinn (18-25 ára) var óhamingjusamastur. Í því tilliti kom fram marktækur munur á milli kynja: Konur á aldrinum 25-34 ára og 45-54 ára voru almennt hamingjusamari en karlar á sama aldri.

BROTTLUTNINGUR

- Um 12% þátttakenda á Akranes- og Hvalfjarðarsvæðinu telja það mjög eða frekar líklegt að þeir flytji á næstu tveimur árum frá Vesturlandi. Á Snæfellsnesi er hlutfallið 17%, í Borgarfirði 18% og í Dölunum 13%. Samanborið við árið 2013 lækkaði þetta hlutfall lítið eitt á Akranesi og í Hvalfirði eða úr 14%, úr 21% í Borgarfirði og úr 18% Snæfellsnesi. Mikill fjöldi háskólanemenda í Borgarfirði hefur skýrt frekar hátt hlutfall þar.

FJÁRHAGUR - VANSKIL

- Eftir Bankahrunið var ákveðið að fylgjast með hvort Vestlendingar væru í miklum vanskilum. Almennt má segja að dregið hafi úr vanskilum á Vesturlandi nema á Borgarfjarðarsvæðinu. Mest hefur dregið úr vanskilum í Dölunum. Þegar spurt var um þjónustu við fólk í fjárhagsvanda kom í ljós að hún gæti verið betri á Vesturlandi, en mikilvægi hennar er ekki mikið fyrir áframhaldandi búsetu. Þegar þróunin á milli kannana var skoðuð kom í ljós að á öllum svæðum Vesturlands hefur dregið úr mikilvægi þáttarins og staðan batnað – mest í Dölunum.

HÚSNÆÐI

- Til leigu
 - Staðan: Á sunnanverðu Vesturlandi er staðan slæm og hefur ekki verið jafn slæm frá upphafi mælinga 2004. Staðan fór versnandi í aðdraganda bankahrunsins en lagaðist eftir það. Svo hefur hún versnað stöðugt frá 2010. Á norðanverðu Vesturlandi hefur staðan einnig aldrei verið jafn slæm frá upphafi mælinga en þróunin ólík því sem varð á sunnanverðunni.
 - Mikilvægi húsnæðis til leigu hefur ekki breyst mikið á milli kannana.
- Til sölu
 - Staðan: Staðan er alls staðar frekar slæm á Vesturlandi en hefur þróast með ólíkum hætti. Á Akranesi og í Hvalfirði hefur staðan farið úr því að vera mjög góð árið 2004 og miklu betri en alls staðar annars staðar á Vesturlandi yfir í að vera nærri jafn slæm og annars staðar á Vesturlandi. Á Borgarfjarðarsvæði lagast staðan stöðugt fram til 2010 en hefur versnað síðan.
 - Mikilvægi húsnæðis til sölu hefur ekki breyst mikið á milli kannana.

MENNTUN ÍBÚANNA

- Hlutfall íbúa sem eingöngu eru með grunnskólapróf var 22% á Akranesi og í Hvalfirði, 26% á Borgarfjarðarsvæði, 27% á Snæfellsnesi og 42% í Dölunum. Þetta hlutfall hefur heldur verið að lækka nema kannski síst í Dölunum.
- Þeim sem hafa lokið prófi í iðngrein hefur verið að fjölga á Vesturlandi á undanförunum árum. Þetta hlutfall mældist 26% á Akranesi og í Hvalfirði, 22% á Borgarfjarðarsvæði, 23% á Snæfellsnesi og 18% í Dölunum.
- Fjöldi íbúa með háskólamenntun á Vesturlandi er frá 27-36%. Þetta hlutfall er heldur hærra á suðursvæðinu, 36% í Borgarfirði og 30% á Akranesi og í Hvalfirði, en á norðursvæðinu er 28% íbúa á Snæfellsnesi og 27% íbúa í Dölum með háskólamenntun. Til

samanburðar má geta þess að samkvæmt tölum Hagstofunnar er 35,6% vinnuafslisins á landinu öllu árið 2016 með háskólamenntun.

STOÐKERFI ATVINNULÍFSINS - SÍMENNTUN VESTURLANDS

- Rúm 44% þátttakenda hafði sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á sl. tveimur árum. Tæpt 21% þátttakenda hefur sótt tíma 4 sinnum eða oftar og tæplega 23% 1-4 sinnum.
- Á Snæfellsnesi sögðust 38% þátttakenda hafa sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á sl. tveimur árum, 44% á Akranesi og í Hvalfirði, en 49% á Borgarfjarðarsvæðinu og í Dölum.

STOÐKERFI ATVINNULÍFSINS - ATVINNURÁÐGJÖF VESTURLANDS

- Einungis 2-8% íbúa Vesturlands töldu sig hafa nýtt sér þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Dalir skáru sig örlítið úr hvað þetta varðar; þar höfðu íbúar nýtt sé þjónustuna mun oftar en hin svæði.

VINNUSÓKNARSVÆÐI VESTLENDINGA

- Eftir Bankahrunið var byrjað að spyrja um hversu langt Vestlendingar sæktu vinnu sína. Vegalengd til vinnu er mest á Borgarfjarðarsvæði og minnst í Dölunum.
- Á grundvelli meðaltalsins hefur vinnusóknarsvæði Akraness víkkað út um 5% frá 2010, 52% á Borgarfjarðarsvæðinu, 42% á Snæfellsnesi og 37% í Dölunum.
- Vinnusóknarsvæði kvenna á Vesturlandi er minna en karla en hefur víkkað töluvert út síðan 2010 og sum staðar hlutfallslega meira en karla. Á Akranesi hefur það víkkað út um 8% frá 2010, 14% á Borgarfjarðarsvæðinu, rúmlega fjórfaldast á Snæfellsnesi og nærri tvöfaldast í Dölunum.

ELDRI BORGARAR

- Þjónusta við aldraða virðist vera betri innan dvalarheimila á Vesturlandi en utan. Þetta má lesa úr niðurstöðum á stöðu þáttanna **þjónusta við aldraða** og **dvalarheimili**. Þetta á við um öll svæði á Vesturlandi og lítil munur á milli þeirra.
- Almennt eru eldri borgarar á Vesturlandi ánægðari með þjónustu við aldraða og dvalarheimili en yngra fólk.

ÚTLENDINGAR

- Útlendingar hafa aldrei verið fleiri (líka hlutfallslega) í íbúakönnun Vesturlands. Brugðið var á það ráð að þýða könnunina yfir á pólsku. Fyrr hafði hún verið á íslensku og ensku. Ennþá eru útlendingar samt miklu færri meðal þátttakenda könnunarinnar en sem nemur hlut þeirra í íbúatölu Vestlendinga: 3,3% samanborið við 11,1% á Vesturlandi öllu (m.v. 1. janúar 2017). Niðurstöðurnar skulu því teknar með þeim fyrirvara og túlkaðar af varfærni.
- Útlendingar á Vesturlandi eru heldur hamingjusamari en innfæddir þó munurinn sé hverfandi lítil.

- Útlendingar eru jafn jákvæðir í garð sveitarfélagsins sem þeir búa í og aðrir íbúar. Sama gildi um afstöðu þeirra og annarra gagnvart því þegar þátttakendur voru spurðir um stöðuna á þjónustu við útlendinga.
- Hverfandi lítill munur var á afstöðu útlendinga borið saman við Íslendinga þegar þeir voru spurðir hvort þeir hygðust flytja brott á næstu tveimur árum eða ekki.
- Af þeim 40 þáttum sem telja má til búsetuskilyrða voru þættirnir námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar og úrval atvinnu mest áberandi þeirra sem útlendingum þóttu mikilvægari fyrir áframhaldandi búsetu sinni en Íslendingum en staða þeirra jafnframt betri en Íslendingum þótti. Þá voru menningarlíf og almenningsamgöngur þættir sem útlendingum fannst í almennt betra lagi á Vesturlandi en innfæddum en ekki eins mikilvægir. Þá töldu útlendingarnir skipulagsmál og vöru- og þjónustuúrval mun minna mikilvæga þætti en Íslendingum en um leið í verri stöðu. Þeir þættir þar sem útlendingum þótti staðan verri en Íslendingum en á sama tíma mikilvægari en Íslendingum voru ekki margir og meiningamunurinn almennt lítill á milli hópanna. Gæði framhaldsskóla og þjónusta við fatlaða voru þeir tveir sem voru mest áberandi í þessum flokki. Almennt má segja að útlendingar eru oftast ánægðari en Íslendingar með þætti sem þeir telja almennt mikilvægari fyrir áframhaldandi búsetu en þeir innfæddu.

3 INNGANGUR

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2004 gert íbúakönnun á þriggja ára fresti til að kanna viðhorf íbúa Vesturlands og sjá hvort áherslur þeirra hafi breyst borið saman við fyrri kannanir. Niðurstöðum könnunarinnar er einnig ætlað að vera innlegg í rannsóknir á búferlaflutningum og vinnumarkaði á Vesturlandi og munu gögnin geta nýst í frekari rannsóknum á því sviði.

Íbúakönnun sem gerð var árið 2007 leiddi í ljós að ánægja var með flesta þætti er tengjast búsetuskilyrðum á Vesturlandi. Ánægjan jókst eftir því sem nær dró höfuðborgarsvæðinu. Þá hafði náðst árangur frá fyrri mælingu sem gerð var árið 2004. Í rannsókninni 2010 var spurningakönnunin frá 2007 endurtekin og kannað hvort staða þeirra þátta sem spurt var um hefði breyst með tilkomu kreppunnar og þá sérstaklega m.t.t. staðsetningar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Vestlendingar voru þá óánægðari með búsetu sína en árið 2007. Það verður trúlega rakið til áhrifa kreppunnar. Nú hefur ánægjan ýmist aukist eða dregist saman allt eftir einstökum þáttum, eins og könnunin 2016 gefur til kynna, og því ennþá að ýmsu að hyggja.

Að þessu sinni gætir nokkurra nýjunga í skýrslu íbúakönnunarinnar. Nú er í fyrsta skipti reynt að setja fram forgangslista fyrir þau verkefni sem vert er að vinna á hverju svæði Vesturlands fyrir sig, grundvallaðan á niðurstöðum könnunarinnar. Hann er að finna í töflu undir hverju svæði í kaflanum yfir búsetuskilyrði. Forgangsverkefnalistann fyrir hvert svæði er síðan að finna í fullri lengd í viðauka skýrslunnar.

Þá eru þátttakendur í fyrsta skipti spurðir um hamingju sína. Sú spurning byggir á reynslu erlendra fræðimanna á hamingju fólks. Niðurstöðum svaranna er síðan gerð sérstök skil í viðkomandi kafla.

Íbúðamarkaðurinn fær núna sérstaka umfjöllun, einnig þjónusta við aldraða og afstaða útlendinga er dregin fram í sérstökum kafla. Fasteignamarkaðurinn er mikið til umfjöllunar, aðallega vegna íbúðaskorts víða um land og því leitað vísbendinga í könnuninni um hvort hið sama sé uppi á teningnum hér vestra. Afstöðu útlendinga var nú í fyrsta skiptið hægt að halda á lofti þar sem könnunin var send út á ensku og pólsku í fyrsta skiptið. Þó hefði þátttaka þeirra þurft að vera mun meiri til þess að alhæfa mætti um afstöðu allra útlendinga á Vesturlandi. Ákveðið var samt að gera þeim sérstök skil í skýrslunni. Málefni eldri borgara hafa ekki verið til skoðunar sérstaklega í úrvinnslu könnunarinnar og var það löngu tímabært þar sem fjölgað hefur í þeim hópi og mun gera áfram um skeið. Þá er líka mjög mikilvægt að fylgjast með afstöðu og líðan unga fólksins eða fólks á barneignaldri. Það er ekki gert í þessari skýrslu en sérstök skýrsla um unga fólkið var gerð síðast árið 2012 hjá SSV.


Framsetning sumra spurninga var nú í fyrsta skipti sett fram sem þróun frá því spurt var fyrst á viðkomandi hátt í Íbúakönnun Vesturlands. Það gat verið alveg frá árinu 2004 en stundum frá 2007 eða 2010. Þess skal þó getið að þátttaka í könnuninni fyrsta/-u árið/-in var mjög lítil og skekkjumörk því mikil og skal því ekki gera mikið úr túlkun gilda frá þeim tíma. Þau eru samt sett hér fram þar sem þau gefa stundum vísbendingar.

Í skýrslunni er annars gerð hefðbundin grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar. Hún var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundar hennar er Vífill Karlsson. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) safnaði netföngum eftir úrtakslista frá Þjóðskrá.

Anna Soffía Víkingsdóttir fór fyrir því verkefni hjá RHA. Prófarkalestur var í höndum Jóns Ásgeirs Sigurvinssonar. Er þeim öllum þakkað samstarfið.

4 AÐFERÐ OG GÖGN

Spurningakönnun, sem var netkönnun, var lögð fyrir íbúa Vesturlands. Vesturlandi var skipt upp í fjögur mismunandi svæði, líkt og gert hefur verið í síðustu könnunum. Svæði eitt var Akranes og Hvalfjarðarsveit, svæði tvö Borgarbyggð og Skorradalshreppur, á svæði þrjú voru sveitarfélögin á Snæfellsnesi og svæði 4 var Dalabyggð (Mynd 1). Sjá einnig nákvæma röðun sveitarfélaga á hvert svæði fyrir sig í Töflu 1.



Mynd 1: Vesturland - Svæðaskipting

Að þessu sinni var ráðist í vefkönnun og er það í annað skipti sem það er gert í stað póstkönnunar fyrri ára. Fengið var slambiúrtak meðal íbúa á Vesturlandi úr þjóðskrá. Hringt var í hópinn og honum boðið að taka þátt. Jákvæðir voru beðnir um netfang en þeim sem ekki vildu svara með þeim hætti var boðið upp á póstkönnun. Með þessu söfnuðust rúmlega 2.000 netföng en 200 vildu þreyta póstkönnun. 1.223 svör bárust, þar af 119 í pósti (Tafla 1).


Sérfræðingur RHA mat æskilegasta/besta fjölda svara til þess að meðaltöl endurspegluðu afstöðu þýðisins m.v. 5% marktektarkröfu. Þau mörk lágu á öllum svæðum í kringum 350 nema í Dölunum þar sem fjöldinn var 220. Þetta mark náðist þokkalega þegar horft er til svæðanna (Tafla 1). Fjöldi á hverju svæði hefur stundum verið mun minni – sérstaklega á meðan þetta voru póstkannanir (Mynd 2).

Þátttaka í könnuninni hefur verið ákaflega misjöfn frá upphafi en verið heldur að færast í aukana (Mynd 2). Fyrsta árið var hún full lítil til að geta alhæft eitthvað um afstöðu innan einstakra svæða á Vesturlandi. Þetta var heldur skárri næstu tvö árin þó svo óvissa væri allnokkur í svörum fyrir svæðin innan Vesturlands. Það var ekki fyrr en árið 2013 sem þátttakan fór að vera veruleg en þá var könnunin fyrst framkvæmd sem vefkönnun. Fyrir 2013 var um póstkannanir að ræða sem var tímafrekt og dýrt.

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara

Svæði	Íbúar, fjöldi	Íbúar 18 ára og eldri	Úrtak	Besti fjöldi svara	Fjöldi svara	Svarhlutfall (af úrtaki)
Akranes og Hvalfjörður	7.530	5.505	1.322	360	359	27%
Borgarfjarðar-svæðið	3.690	2.797	1.444	350	385	27%
Snæfellsnes	3.955	2.984	1.096	350	297	27%
Dalir	665	514	514	220	156	30%
Ekki svæðisgreint					26	
Samtals	15.840	11.800	4.376	1.280	1.223	28%

Galli könnunarinnar 2013 var sú að úrtakið var ekki nógu tilviljunarkennt. Úr því var bætt árið 2016. Því má segja að árin 2004 – 2014 hafi verið ákveðið þróunartímabil í kannanagerð fyrir Vesturland þar sem stöðugt var barist við þröngan fjárhag. Samt sem áður hefur íbúakönnunin alltaf veitt mikilvægar vísbendingar sem sést á mjög mörgu. Eitt dæmi er breytingin sem varð á ánægju íbúanna með almenningssamgöngur eftir að SVR tók þær að sér 1. september 2012, en sú ánægja kom einnig fram í öðrum gögnum og er því samræmi þar á milli. Hins vegar má segja að áreiðanleiki sé að nokkru leyti meiri í svörum kannana árin 2007 og 2010 þar sem úrtakið var tilviljunarkennt en síður 2013.




Mynd 2: Þátttaka í íbúakönnuninni frá upphafi

Skipting þátttakenda eftir kyni var ásættanleg þegar hún var borin saman við hina raunverulegu dreifingu á viðkomandi svæðum á Vesturlandi en mun síður þegar horft var til uppruna og aldurs. Þennan veikleika skal hafa í huga við túlkun svara. Þrátt fyrir þennan galla má segja að svörin endurspegli viðhorf á viðkomandi svæðum með viðunandi hætti.

Niðurstöður könnunarinnar er snerta búsetuskilyrði á Vesturlandi eru settar fram myndrænt (Mynd 3) þannig að á lóðréttu ásnum er staða búsetuþátta en mikilvægi fyrir áframhaldandi búsetu á lárétta ásnum¹. Til þess að framsetning yrði skýrari var ákveðið að stækka upp þann hluta af myndinni þar sem búsetuþættirnir lentu. Vakin skal athygli á því að framsetningu þessara mynda var breytt í síðustu skýrslugerð íbúakönnunar frá því sem var í skýrslum fyrri íbúakannana. Er hér nánast um spegilmynd að ræða frá því sem áður var.

Niðurstöður könnunarinnar er varðar búsetuskilyrði byggir á tveimur lokuðum spurningum þar sem fyrst var spurt? „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“ Síðan voru tilgreindir 40 mismunandi þættir (Tafla 6) og þátttakendur beðnir um að velja á milli mjög gott, frekar gott, hvorki/né, frekar slæmt og mjög slæmt. Næst var spurt: „Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“ Þá gátu þátttakendur valið á milli mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu og mjög litlu. Á grundvelli þessara svara voru reiknaðar út tvær meðaleinkunnir sem gátu verið frá 1 til 5, ein fyrir stöðu og önnur fyrir mikilvægi, þeirra þátta sem við köllum búsetuskilyrði hér. Meðaleinkunnirnar tvær, fyrir hvern þátt, voru síðan efniviðurinn í þá greiningarmynd sem dregin er upp fyrir Vesturland allt og svo fjögur svæði þess sérstaklega. Þar sem hærri einkunn stóð fyrir góða stöðu og mikið mikilvægi var best að lenda á svæðinu hægra megin efst – þeim mun nær horninu efst til hægri, því betra (Mynd 3). Þeir þættir sem lentu á svæðinu hægra megin neðst í myndinni voru í verstri stöðu - þeim mun nær horninu neðst til hægri, því verra.



Mynd 3: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – Skýringarmynd

Samanburður á milli kannana er unninn þannig að fundin er breyting (frávik) þessara einkunna á milli ára og myndræn framsetning svipuð. Frávik, F , er fundið með því að draga meðaleinkunn fyrri könnunar, \bar{E}_i , frá meðaleinkunn núverandi könnunar, \bar{E}_t .


$$F = \bar{E}_t - \bar{E}_i.$$

¹ Reiknuð voru út meðaltöl svaranna fyrir stöðu og mikilvægi hvers búsetuskilyrðis og niðurstöðurnar settar inn í punktarit. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Ef þetta frávík er jákvæð tala þá hefur staða batnað og/eða mikilvægi aukist á milli kannana en versnað eða dregið úr þeim ef talan er neikvæð.

Niðurstöðunum er stillt upp í línuriti (Mynd 4) þar sem breytingin á stöðu og mikilvægi þáttanna er að finna á ásunum. Þarna er núllpunkt að finna þar sem ásarnir skerast. Hægra megin við stöðuásinn hefur því mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana en dregið úr því til vinstri. Að sama skapi hefur staða þáttanna batnað á milli kannana ef þeir eru fyrir ofan ás mikilvægis en versnað ef þeir eru fyrir neðan.

Bestu þróunina er því að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana og staðan batnað. Verstu þróunina er hins vegar að finna í myndinni hægra megin niðri þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað.




Mynd 4: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða – Skýringarmynd

Sú nýlunda var gerð að reiknuð var forgangskennitala úrvinnslu könnunarinnar þetta árið. Hún var reiknuð þannig að fundin var einföld samtala af mikilvægis-einkunninni. Síðan var hún dregin frá tölunni 6. Með þessu fékkst því há tala ef mikilvægið var mikið og staðan slæm. Ef staðan var „best“ gaf það einkunnina 5 en varð 1 ef hún var dregin frá 6. Ef staðan var verst var einkunnin 1 en breyttist í 5 ef hún var dregin frá 6 í þessum útreikningi. Þannig gat forgangseinkunnin orðið lægst 2 en hæst 10.

Niðurstöður annarra spurninga í íbúakönnuninni eru settar fram á hefðbundinn hátt með súluritum eða meðaltalsferlum frá einni könnun til annarrar. Þær ættu því að skýra sig að mestu leyti sjálfar. Að þessu sinni er þó reynt, í fyrsta skiptið, að draga fram þróun á afstöðu Vestlendinga

til einstakra málefna í þeim tilvikum sem ástæða þótti til að kafa djúpt í þau. Var þá oftast stuðst við einföld meðaltöl.

5 MANNFJÖLDI Á VESTURLANDI



Mynd 5: Mannfjöldi á Vesturlandi árin 1971-2017.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar yfir mannfjölda 1. des. ár hvert.

Þegar horft er á íbúáþróun á Vesturlandi má sjá að hún er misjöfn eftir svæðum (Mynd 5). Á Akranesi og í Hvalfirði fjölgaði fólki fram til ársins 2008, fækkaði og stóð síðan í stað fram til 2011 en hefur fjölgað síðan. Á Borgarfjarðarsvæðinu fjölgaði íbúum á nýrri öld allt fram til ársins 2008, fækkaði næstu árin þar á eftir en hefur síðan fjölgað frá 2012. Á Snæfellsnesi fækkaði íbúum frá árinu 2006 til 2010 en síðan stóð íbúatalan nokkurn veginn í stað, að árinu 2012 undanskyldu er íbúum tók að fækka á ný, og hefur fækkað að mestu síðan. Í Dölunum fækkaði fólki svo til stöðugt allt tímabilið fram til 2012 en hefur fjölgað lítið eitt síðan. Einnig má sjá að sveiflur í íbúáþróun eru meiri á svæðum sem sunnar eru og nær höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að íbúafjöldi er að verða sá sami á Borgarfjarðarsvæði og Snæfellsnesi. Árið 1971 voru um 850 íbúa munur á svæðunum, Snæfellsnesi í vil. Árið 2017 var munurinn um 100.

6 NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR

Fyrst verður greint frá spurningum sem tengjast búsetuskilyrðum. Þátttakendur voru beðnir að meta stöðu eftirfarandi þátta í þeirra byggðarlagi. Þættirnir voru:

- Fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, möguleikar á eigin atvinnurekstri, launatekjur, vöruverð, framboð á íbúðarhúsnæði til sölu, framboð á húsnæði til leigu, námsmöguleikar á háskólastigi, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, framfærslukostnaður, vöru- og þjónustuúrval, tækifæri til afþreyingar, vegakerfi, almenningsamgöngur, gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana, gæði grunnskóla, gæði leikskóla, gæði framhaldsskóla, gæði unglिंगastarfs, tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar, farsímasamband í sveitarfélaginu, nettengingar í sveitarfélaginu, nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld, greið umferð, umferðaröryggi, gott mannlíf, almennt öryggi, menningarlíf, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlaða, þjónusta við atvinnulausa, þjónusta við fólk af erlendum uppruna, aðstoð fyrir fólk í fjárhagsvanda, þjónusta við barnafólk og skipulagsmál. Hins vegar voru tónlistarskóli, bókasöfn, félagsheimili og dvalarheimili aldraða þættir sem voru nýir að þessu sinni og voru þættir þar með orðnir 40.

Búsetuþáttunum er hægt að raða niður í eftirfarandi flokka:

- *Vinumarkaður*: Fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, möguleikar á eigin atvinnurekstri, launatekjur og þjónusta við atvinnulausa.
- *Eignamarkaður*: Framboð á íbúðarhúsnæði, bæði á fasteignamarkaði og á leigumarkaði.
- *Vöru- og þjónustumarkaður*: Kostnaður við framfærslu, vöruverð, vöru- og þjónustuúrval.
- *Grunngerð samfélags*: Námsmöguleikar á háskólastigi, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, tækifæri til afþreyingar, vegakerfi, almenningsamgöngur, gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana, gæði grunnskóla, gæði leikskóla, gæði framhaldsskóla, gæði unglिंगastarfs, tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar, þjónusta við aldraða, fatlaða, barnafólk og útlendinga, farsímasamband í sveitarfélaginu, nettengingar í sveitarfélaginu, skipulagsmál, tónlistarskóli, bókasöfn, félagsheimili og dvalarheimili aldraðra.
- *Staðbundin sérstaða*: Nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld, greið umferð, umferðaröryggi, gott mannlíf og menningarlíf.
- *Fjárhagsstaða*: Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda.

Í spurningu um stöðu búsetuþátta gafst þátttakendum kostur á að velja á milli fimm svarmöguleika: mjög slæmt, frekar slæmt, hvorki/né, frekar gott og mjög gott.

Í framhaldinu var spurt um mikilvægi sömu þátta varðandi áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu og þátttakendum gefinn kostur á að velja á milli fimm svarmöguleika: mjög litlu, frekar litlu, hvorki/né, frekar miklu og mjög miklu.


Svörin við þessum tveimur spurningum um sömu 40 þætti búsetuskilyrða gáfu tækifæri til að greina hverjir þeirra vega þyngst varðandi áframhaldandi búsetu núverandi íbúa svæðisins og vísbendingar um skoðun þeirra á forgangsröð verkefna á vegum hins opinbera og annarra.

Hér á eftir fer fram greining á niðurstöðunum. Fyrst verður fjallað um einstök svæði á Vesturlandi en í lokin verður reynt að taka lýsinguna saman fyrir Vesturland allt. Fyrir hvert svæði verður

dregin upp mynd af stöðu og mikilvægi þáttanna í könnuninni 2016 og síðan dregin upp mynd af breytingunni milli kannana 2013 og 2016.

6.1 BÚSETUSKILYRÐI

6.1.1 AKRANES OG HVALFJÖRDUR



Mynd 6: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu á Akranesi og í Hvalfirði eru almennt öryggi, heilsugæsla, friðsæld, gott mannlíf, örugg umferð, atvinnuöryggi, (skilgreining þátta má finna í viðauka). Á þessu má sjá að þættir sem lúta að öryggi skipta mestu máli þar sem að heilsugæsla er öryggismál og jafnvel gott mannlíf og friðsæld tengjast öryggi á vissan hátt líka. (Mynd 6).


Verstu þættirnir: Þeir þættir sem standa hvað verst á Akranesi og í Hvalfirði eru leiguíbúðir, háskóli, vegakerfi, íbúðir til sölu, afþreying og framfærslukostnaður.

Niðurstæða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur á húsaleigumarkaði, vegakerfi, laun, framfærslukostnaður og möguleikar til afþreyingar vera mest aðkallandi fyrir íbúa Akraness og Hvalfjarðar af þeim þáttum sem spurt var út í. Þetta byggir á forgangskennitölu sem reiknuð var fyrir alla þættina og raðað eftir forgangsröð þar sem 1 stóð fyrir það atriði sem lenti efst á forgangslistanum. Fyrstu 20 sætin er að finna hér (Tafla 2) en listann í fullri lengd er að finna í viðauka (Tafla 7).

Tafla 2: Forgangsverkefni á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Forgangsröð	Þáttur
1	Leiguíbúðir
2	Vegakerfi
3	Launatekjur
4	Framfærsla
5	Afþreying
6	Atvinnuúrval
7	Vöruverð
8	Skipulagsmál
9	Íbúðir
10	Aldraðir
11	Atvinnuöryggi
12	Vöruúrval
13	Fjárhagsvandi
14	Háskóli
15	Heilsugæsla
16	Menning
17	Barnafólk
18	Fatlaðir
19	Félagsheimili
20	Elliheimili


Vakin skal athygli á því að mikil ánægja er með stöðu margra mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu á Akranesi og í Hvalfirði (Mynd 6). Það hefur verið algengt í þessum íbúakönnunum frá því að þær voru fyrst framkvæmdar 2004.



Mynd 7: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði.
 Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5.
 Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.

Samanburður við síðustu könnun (árið 2013) var tekinn saman fyrir svæðið (Mynd 7). **Bestu þróunina** er að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttarins aukist á milli kannana og staðan batnað. Þar kemur atvinnuöryggi og atvinnuúrval best út. **Verstu þróunina** er hins vegar að finna í myndinni hægra megin niðri þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað. Samkvæmt því er þátturinn íbúðir (íbúðir til sölu) í verstu stöðunni. Þá versnar líka staða vegakerfisins mikið á milli kannana. Vakinn skal athygli á því að enginn þáttur lendir í versta hluta greiningarlíkansins. Það sést á því að mikilvægi eykst ekki á neinum þætti sem spurt var um í báðum könnunum. Þess vegna erum við bara með vinstri hluta líkansins. Hins vegar er auðvitað alltaf verst að vera sem lengst til hægri í myndinni – jafnvel þó hina eiginlegu hægri hlið líkansins vanti. Af þessum sökum verður breytingin á stöðu þáttanna kannski ennþá áhugaverðari fyrir vikið. Þar sést að staðan versnar í fleiri tilvikum á milli kannana en batnar. Athygli veur þó að staða á vinnumarkaði hefur batnað – verulega. Þá er líka áhugavert að sjá þætti sem tengjast fjarskiptum batna vegna þess að þeim hafði hrakað á milli tveggja síðustu kannana. Verra er að sjá fasteignamarkaðinn versna á milli kannana því hann gerði það líka á milli síðustu kannana.

6.1.2 BORGARFJARÐARSVÆÐIÐ



Mynd 8: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði
 Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5.
 Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.


Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í Borgarfirði eru almennt öryggi, friðsæld, gott mannlíf, örugg umferð, heilsugæsla, nettengingar, nálægð við fjölbreytta náttúru og atvinnuöryggi. Á þessu svæði eru það þættir sem lúta að öryggi sem skipta mestu máli. Þetta er í rauninni sömu meginniðurstöður og á Akranesi og í Hvalfirði (Mynd 8).

Verstu þættirnir: Þeir þættir sem koma verst út eru námsmöguleikar á háskólastigi, þjónusta við fólk af erlendum uppruna, íbúðir til leigu, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, þjónusta við atvinnulausa, framboð á íbúðarhúsnæði til sölu og félagsheimili. Ef þetta er tekið saman er helst að sjá þætti sem tengjast menntun og fasteignamarkaðnum.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða launatekjur, vegakerfi, leiguíbúðir, skipulagsmál og atvinnuúrrval vera mest aðkallandi fyrir íbúa Borgarfjarðar. Þetta byggir á forgangskennitölu sem reiknuð var fyrir alla þættina og raðað eftir forgangsroð þar sem 1 stóð fyrir það atriði sem lenti efst á forgangslistanum. Fyrstu 20 sætin er að finna hér (Tafla 3) en listann í fullri lengd er að finna í viðauka (Tafla 7).

Tafla 3: Forgangsverkefni á Borgarfjarðarsvæði.

Forgangsröð	Þáttur
1	Launatekjur
2	Vegakerfi
3	Leiguíbúðir
4	Skipulagsmál
5	Atvinnuúrval
6	Internet
7	Framfærsla
8	Heilsugæsla
9	Örugg umferð
10	Atvinnuöryggi
11	Vöruverð
12	Afþreying
13	Íbúðir
14	Fjárhagsvandi
15	Almenningssamgöngur
16	Vöruúrval
17	Barnafólk
18	Farsími
19	Unglingastarf
20	Aldraðir




Mynd 9: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði.
 Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5.
 Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.

Samanburður við síðustu könnun (árið 2013) var tekinn saman fyrir Borgarfjarðarsvæði (Mynd 9). **Bestu þróunina** er að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttarins aukist á milli kannana og staðan batnað. Þar komst enginn möguleiki að en þjónusta við fólk af erlendum uppruna (útlendingar) komst næst því. **Verstu þróunina** er hins vegar að finna í myndinni hægra megin niðri þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað. Þar sker fasteignamarkaðurinn sig sérstaklega úr með alltof fáar íbúðir til sölu (merkt Íbúðir) og næst voru leiguíbúðir og vegakerfi.

Heilt yfir sést að staðan versnar í fleiri tilvikum en batnar á milli kannana eins og á Akranesi og í Hvalfirði. Það er óheppilegt. Þó er það huggun harmi gegn að þeir þættir sem snerta vinnumarkaðinn hafa batnað á milli kannana.

6.1.3 SNÆFELLSNES



Mynd 10: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.


Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu á Snæfellsnesi eru almennt öryggi, friðsæld, nettengingar, gott mannlíf, nálægð við fjölbreytta náttúru, heilsugæsla, örugg umferð, atvinnuöryggi og farsímatengingar. Á þessu svæði eru það þættir sem lúta að öryggi sem skipta mestu máli (Mynd 10). Þetta eru í rauninni sömu meginniðurstöður og á sunnanverðu Vesturlandi.

Verstu þættirnir: Námsmöguleikar á háskólastigi, íbúðir til leigu, vöruverð, íbúðir til sölu, framfærslukostnaður, vöruúrval og afbreyting eru þættir á Snæfellsnesi sem þátttakendur álitu standa verst

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, verma leiguíbúðir, vöruverð, heilsugæsla, atvinnuúrval og vöruúrval verma fimm fyrstu sæti forgangslista Snæfellsness.

Tafla 4: Forgangsverkefni á Snæfellsnesi.

Forgangsröð	Þáttur
1	Leiguíbúðir
2	Vöruverð
3	Heilsugæsla
4	Atvinnuúrval
5	Vöruúrval
6	Háskóli
7	Framfærsla
8	Launatekjur
9	Vegakerfi
10	Afþreying
11	Internet
12	Atvinnuöryggi
13	Íbúðir
14	Skipulagsmál
15	Aldraðir
16	Fjárhagsvandi
17	Barnafólk
18	Almenningssamgöngur
19	Atvinnulausir
20	Fatlaðir




Mynd 11: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.

Samanburður við fyrri könnun var tekinn saman fyrir svæðið (Mynd 11). **Bestu þróunina** er að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana og staðan batnað. Þangað komst enginn þáttur en nettengingar og farsímasamband komust næst því. **Verstu þróunina** er hins vegar að finna í myndinni hægra megin niðri þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað. Þangað komst heldur engin þáttur en vegakerfi og íbúðir til sölu voru næst því. Þá voru þættirnir heldur fleiri sem versnuðu á milli kannana en þeir sem færðust til hins betra.

6.1.4 DALIR



Mynd 12: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Döllum

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægar.


Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í Döllum eru almennt öryggi, friðsæld, heilsugæsla, gott mannlíf, umferðaröryggi, nálægð við fjölbreytta náttúru og nettengingar (Mynd 12). Í Döllum eru þættir sem tengjast öryggi áberandi eins og annars staðar á Vesturlandi.

Verstu þættirnir: Vöruverð, námsmöguleikar á háskólastigi, vegakerfi, framboð leiguíbúða, almenningsamgöngur, íbúðir til sölu. Þessi upptalning snertir alla flokka búsetuskilyrða sem nefndir voru hér að framan nema vinnumarkaðinn.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða vöruverð, vegakerfið, launatekjur, nettengingar og úrval atvinnu vera mest aðkallandi í Döllum. Þannig kemur í ljós að þegar báðum kvörðum er stillt saman detta tveir þættir sem tengjast vinnumarkaðnum inn á lista fimm mest aðkallandi úrlausnarefna þar. Þetta sést á því að launatekjur og atvinnuúrval eru neðar en flestir aðrir þættir í hægra horninu að neðan (Tafla 5). Forgangsröð verkefna er síðan að finna hér á eftir, fyrstu 20 sér (Tafla 5) og allan listann (Tafla 7).

Tafla 5: Forgangsverkefni í Dölum.

Forgangsröð	Þáttur
1	Vöruverð
2	Vegakerfi
3	Launatekjur
4	Internet
5	Atvinnuúrval
6	Örugg umferð
7	Vöruúrval
8	Leiguíbúðir
9	Framfærsla
10	Almenningssamgöngur
11	Farsími
12	Afþreying
13	Framhaldsskóli
14	Háskóli
15	Fatlaðir
16	Íbúðir
17	Íþróttir
18	Gæði framhaldsskóla
19	Atvinnuöryggi
20	Aldraðir




Mynd 13: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða í Döllum.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.

Samanburður við fyrri könnun var tekinn saman fyrir svæðið (Mynd 13). **Bestu þróunina** er að finna í myndinni hægra megin efst vegna þess að þar hefur mikilvægi þáttanna aukist á milli kannana og staðan batnað. Þar komu heilsugæsla, launatekjur og atvinnuöryggi best út. **Verstu þróunina** er hins vegar að finna í myndinni hægra megin niðri þar sem mikilvægi þáttanna hefur aukist og staðan versnað. Þar sker vegakerfið, almenningssamgöngur og öryggi í umferðinni sig sérstaklega úr. Þetta er athyglisvert þar sem vegakerfið og öryggi í umferðinni voru líka í þessari upptalningu á milli kannana í síðustu könnun 2013 en almenningssamgöngur meðal þeirra sem sýndu hvað bestu þróunina. Heilt yfir var staða fleiri þátta talin versna á milli kannana en þeirra sem talin var batna.

6.1.5 VESTURLAND




Mynd 14: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu á Vesturlandi eru almennt öryggi, friðsæld, heilsugæsla, gott mannlíf, umferðaröryggi, nettengingar, nálægð við fjölbreytta náttúru og atvinnuöryggi. Öryggi er það orð sem dregur þetta hvað best saman, síðan eru það félagslegir þættir og umhverfið. (Mynd 14).

Verstu þættirnir: Staða þáttanna framboð af leiguhúsnæði, vegakerfið, íbúðir til sölu, námsmöguleikar á háskólastigi, vöruverð, framfærslukostnaður og launatekjur var talin verst á Vesturlandi öllu.

Niðurstaða: Þegar horft er til stöðu og mikilvægis samtímis virðast úrbætur er varða leiguíbúðir, launatekjur, vegakerfið, atvinnuúrval, vöruverð og framfærslukostnað komast oftast næst sársaukamörkum íbúanna (Tafla 7).




Mynd 15: Breyting á stöðu og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.

Samanburður við fyrri könnun var tekinn saman fyrir Vesturland allt (Mynd 15). **Besta þróunin** á milli kannana var í þáttum tengdum vinnumarkaði: Atvinnuöryggi, úrval atvinnu og launatekjur. Það er gott þar sem vinnumarkaðurinn skiptir miklu máli fyrir fólk en þróunin er sennilega afleiðing ytri aðstæðna. **Versta þróunin** var hins vegar á íbúðamarkaði, einkum varðandi leiguíbúðir, og vegakerfið. Það er slæmt þar sem þessir þættir voru einnig á meðal þeirra sem versnuðu hvað mest á milli fyrri kannana. Staða fleiri þátta var talin versna á milli kannana en þeirra hverra staða batnaði.


6.2 ALDUR SAMFÉLAGSINS

Íbúar hafa búið mislengi á Vesturlandi. Þetta var einkum áberandi í upphafi könnunarinnar, árið 2007, en dregið hefur saman með svæðunum (Mynd 16). Þá má almennt draga þá ályktun að fólk búi skemmri tíma að jafnaði á Vesturlandi en áður fyrr. Árið 2016 höfðu Vestlendingar búið að jafnaði 29 ár á öllum stöðum. Lengst var þetta í Dölunum, eða 34,5 ár, þá 29 ár á Snæfellsnesi og Akranesi og í Hvalfirði. Styst höfðu íbúarnir búið í Borgarfirði, 27 ár. Það tengist væntanlega háskólunum tveimur en það dró úr nemendafjölda á Bifröst, einkum í staðnámi, í kjölfar bankahrunsins.



Mynd 16: Meðaltími búsetu á Vesturlandi

Í þessu samhengi er fróðlegt að draga fram meðalaldur skráðra íbúa. Meðalaldur íbúanna hækkar stöðugt á landinu öllu og ekki er stór munur á milli landsbyggðar og landsins alls (Mynd 17). Sama gildir um einstaka hluta Vesturlands þar sem meðalaldur hefur hækkað um áratuga skeið. Það er þó nokkuð sem vekur athygli. Fyrst má nefna að það mikla forskot sem Snæfellsnes hafði á önnur svæði Vesturlands árið 1990 er nú horfið. Íbúar Akraness og Hvalfjarðar eru nú orðnir yngri en íbúar Snæfellsness og annarra hluta Vesturlands. Reyndar er það svo að meðalaldur Akraness og Hvalfjarðar er nú kominn undir landsmeðaltal og alveg frá 2007. Meðalaldur Snæfellinga var hins vegar mun lægri en á landinu öllu 1990 en er nú kominn örlítið upp fyrir hann. Árið 1990 voru Borgfirðingar hins vegar að jafnaði eldri en fólk flest á Íslandi en núna er ekki mikill munur á. Þá vakti athygli samfelld lækkun meðalaldurs í Dölunum árin 2013-2016 og gott væri ef það héldi áfram.




Mynd 17: Meðalaldur 1990-2016.

Tölur frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. janúar eftir það. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.


6.3 ÁNÆGJA MEÐ BÚSETU Á VESTURLANDI

Að mati þátttakenda var almennt mjög eða frekar gott að búa á Vesturlandi, en 95% þátttakenda á Akranesi og í Hvalfirði eru á þessari skoðun, 84% í Borgarfjarðarsvæði og 90% á Snæfellsnesi og 84% í Dölum. Því má segja að þátttakendur búsettir á Borgarfjarðarsvæði og í Dölum skeri sig úr en 19-22% þeirra svara að hvorki né eða frekar slæmt sé að búa á Vesturlandi, en hlutfall þátttakenda með þessa afstöðu er mun lægra á hinum þremur svæðunum eða 7-11% (Mynd 18).



Mynd 18: Almenn viðhorf gagnvart búsetu á Vesturlandi

Þróunin frá 2004, þegar fyrst var spurt um þetta, hefur verið frekar jákvæð í Dölunum þar til á milli árána 2013 og 2016 þegar viðhorfið versnaði. Annars staðar hefur þetta verið frekar stöðugt nema á Borgarfjarðarsvæði milli árána 2013 og 2016 þegar viðhorfið versnaði til muna. Niðursveiflan á Borgarfjarðarsvæðinu milli 2013 og 2016 vakti athygli. Ekki var augljóst af svörum við stöðu búsetuskilyrða og breytinga á milli kannana (Mynd 9) hvert hana mætti rekja. Þó eru þættir eins og fasteignamarkaður, vegakerfi og nettengingar kannski mest áberandi þegar þær tölur eru skoðaðar ásamt svörum við öðrum spurningum.




Mynd 19: Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?

Í könnuninni var spurt: „Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?“. Tekin voru saman svör þeirra sem voru með neikvætt viðhorf, hlutfallslega (Mynd 19). Flestir voru þeir á Borgarfjarðarsvæði, næstflestir í Dölunum, svo í sveitarfélögum á Snæfellsnesi en fæstir á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.


6.4 HAMINGJA VESTLENDINGA

Að þessu sinni var ákveðið að fylgja „hamingjufræðunum“ svokölluðu eftir í íbúakönnuninni og spyrja þátttakendur að því hversu hamingjusamir þeir væru á skalanum 1 til 10. Skalinn var útskýrður þannig að fólk gat ekki verið óhamingjusamara þegar það valdi einn og 10 ef það gat ekki verið hamingjusamara. Það var gert til að bera saman almenna afstöðu íbúanna til stöðu ýmissa staðbundinna gæða eins og þjónustu sveitarfélags.



Mynd 20: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10

Heilt yfir virðast Vestlendingar vera allnokkuð hamingjusamir þar sem meðaleinkunnin er í kringum 8. Enginn marktækur munur var á milli landsvæða innan Vesturlands (Mynd 20). Hins vegar var marktækur munur á milli kynja. Það á bara við aldurshópana 25-34 ára og 45-54 ára. (Mynd 21). Þó kom nokkuð marktækur munur fram á milli landsvæða í yngsta aldurshópnum sem var hamingjusamastur á Snæfellsnesi.




Mynd 21: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10

Það er hins vegar afskaplega leitt að sjá yngsta fólkið (18-24 ára) vera óhamingjusamara en aðrir Vestlendingar.

6.5 BROTTFLUTNINGUR

Til þess að fá vísbendingar um það hvort fólk íhugi að flytja brott voru þátttakendur spurðir: „Finnst þér líklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vesturlandi á næstu tveimur árum?“ Þátttakendur gátu síðan merkt við 1) mjög líklegt 2) frekar líklegt 3) frekar ólíklegt 4) mjög ólíklegt².

Þessi spurning hefur verið með frá upphafi 2004. Öll árin verða því með þegar viðbrögð þátttakenda við þessari spurningu verða skoðuð eftir svæðum á Vesturlandi. Þó skal varað við bókstaflegri túlkun gildanna fyrstu árin vegna þess hve þátttakan var þá dræm (Mynd 2) – þó svo einhverjar hugmyndir megi draga af þeim.




Mynd 22: Brottflutningur frá Vesturlandi á næstu tveimur árum

Í nýjstu könnuninni sögðust 12% þátttakenda á Akranesi telja það mjög eða frekar líklegt að þeir flytji frá Vesturlandi á næstu tveimur árum, 18% á Borgarfjarðarsvæðinu, 17% á Snæfellsnesi og í Dölunum er hlutfall þeirra 13% (Mynd 22). Þetta verður að teljast óvenju hátt á öllum svæðum. Á öllum svæðum virðist þetta hlutfall hafa farið frekar lækkandi eða staðið í stað sama hvort litið er til skemmri tíma eða lengri.

² Í tölulegri úrvinnslu var mjög ólíklegt merkt með tölunni 1, frekar ólíklegt 2, frekar líklegt 3, mjög líklegt 4. Þetta snertir samt framsetningu gagnanna í þessari skýrslu lítið sem ekkert.

6.6 EFNAHAGUR VESTLENDINGA

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru í vanskilum. Það var upphaflega gert í kjölfar bankahrunsins en er ágæt leið til að fylgjast með fjárhagsstöðu heimilanna á Vesturlandi. Spurningin hljóðaði þannig: „Ert þú í vanskilum?“. Síðan gátu þátttakendur valið á milli: Engum, mjög litlum, frekar litlum, frekar miklum og mjög miklum. Valkostirnir voru tölusettir frá 0 til 4: Engum með 0 og mjög litlum með 1 og svo koll af kalli.



Mynd 23: Hlutfall íbúa sem eru í engum vanskilum.

Úrvinnsla á svörum frá því að spurningin var fyrst lögð fram hófst á því að reiknað var út hlutfall þeirra sem sögðust vera í engum vanskilum. Í ljós kom að Dalamenn stóðu best í því tilliti með 82%, þá Akranes og Hvalfjörður með 81%, síðan Borgarfjarðarsvæðið með 77% og síðan Snæfellingar með 75% (Mynd 23). Almennt má segja að staðan hafi batnað frá 2010 nema á Borgarfjarðarsvæði.

Nú væri áhugavert að kryfja betur spurninguna sem fjallað var um hér að framan um hvort þjónusta við fólk í fjárhagsvanda væri góð eða slæm og hvort sá þáttur hefði mikið að segja fyrir þátttakendur varðandi áframhaldandi búsetu í sveitarfélaginu.


Eins og kom fram í kaflanum Aðferð og gögn þá eru tvær stórar spurningar í íbúakönnuninni

1. „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“ (Tafla 6) og
2. „Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“.

Síðan voru tilgreindir 40 mismunandi þættir, þeir sömu í báðum spurningum. Einn þessara þátta var „aðstoð við fólk í fjárhagsvanda“. Eins og lýst var í inngangi gátu þátttakendur, í fyrri

spurningunni, merkt við mjög gott, frekar gott, hvorki/né, frekar slæmt og mjög slæmt. Í seinni spurningunni máttu þátttakendur velja á milli mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu og mjög litlu.³

Af lestri myndanna hér frammar í skýrslunni (Mynd 5 til 14) kemur í ljós að staðan varðandi þjónustu við fólk í fjárhagsvanda gæti verið betri en hún er en mikilvægi er ekki mikið fyrir áframhaldandi búsetu. Nánari greining fer hér fram á næstu tveimur myndum.




Mynd 24: Staða þjónustu við fólk í fjárhagsvanda 2010 - 2016

Þátttakendur voru beðnir um að gefa álit sitt á stöðu þjónustu við fólk í fjárhagsvanda eins og komið hefur fram. Unnin var kennitala árána 2010 til 2016 fyrir svæðin fjögur til að greina hvort staðan hafi versnað eða batnað frá því kreppan var einna verst eftir bankahrúnið 2010 (Mynd 24). Tæknilega séð getur kennitalan verið á bilinu 1 til 5. Hún er 1 ef allir telja stöðuna á viðkomandi þjónustu vera mjög slæma og 5 ef allir telja hana mjög góða.

Þessi samanburður gefur til kynna að þjónusta við fólk í fjárhagsvanda hefur batnað á öllum svæðum Vesturlands síðan 2010 eins og búast mátti við en einna mest í Dölunum.

Þá var dregin upp mynd af mikilvægi þjónustu í fjárhagsvanda fyrir áframhaldandi búsetu þátttakenda og af þróuninni frá 2010 (Mynd 25). Á myndinni má sjá að dregið hefur úr mikilvægi þjónustunnar að mati þátttakenda en mikilvægið er samt allnokkuð þar sem þessi einkunn er á bilinu 1 til 5 (1 fyrir það að mikilvægi sé mjög lítið fyrir áframhaldandi búsetu og 5 mjög mikið).

³ Eins og kemur fram í kaflanum Aðferð og gögn voru reiknaðar út tvær meðaleinkunnir, ein fyrir stöðu og önnur fyrir mikilvægi, sem gátu verið frá 1 til 5. Meðaleinkunnirnar tvær, fyrir hvern þátt, voru síðan efniviðurinn í þá greiningarmynd sem dregin er upp fyrir Vesturland allt og svo fjögur svæði þess sérstaklega, þar sem hærrí einkunn stóð fyrir góða stöðu og mikið mikilvægi. Þessar einkunnir nýtast hér til að draga upp þróun þess frá einni könnun til annarrar. Að framan var borin saman breyting á milli tveggja kannana: Þeirrar nýjustu og könnunarinnar á undan. Hér gefst kostur á að skoða breytingu á milli fleiri kannana.



Mynd 25: Mikilvægi þjónustu við fólk í fjárhagsvanda fyrir áframhaldandi búsetu 2010-2016

Af þessum þróunarferlum má kannski ráða að ekki hafi margir farið illa út úr hruninu fjárhagslega á sumum svæðum Vesturlands eða að ennþá séu óleyst mál ófrágengin. Erfitt er að skera úr um þetta þar sem engar tölur eru til fyrir ástandið fyrir bankahrunið.


6.7 HÚSNÆDISMARKAÐUR Á VESTURLANDI

Eins og fram kom í kaflanum að framan þá voru tvær stórar spurningar í íbúakönnuninni sem ætlað var að ná til 40 mismunandi þátta sem kalla má búsetuskilyrði. Í þessum kafla verður svörum tveggja þátta lýst. Það eru þættir sem snerta íbúðamarkaðinn og var lýst orðrétt með eftirfarandi hætti í könnuninni:

- a) Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu
- b) Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu


Einkunnin (meðaltal) sem svarið við stöðunni á framboði á íbúðarhúsnæði til sölu verður hér kölluð „staðan á sölumarkaðnum“ en einkunnin sem reiknuð er út á grundvelli svarsins við stöðunni á framboði á íbúðarhúsnæði til leigu kölluð „staðan á leigumarkaðnum“.

Það skal undirstrikað að svörin fyrir syðsta hluta Vesturlands (Borgarfjarðarsvæði, Akranes og Hvalfjörður) eru marktækust frá upphafi könnunarinnar þar sem þátttakan er best þar fyrstu árin (Mynd 2).



Mynd 26: Staða á leigumarkaðnum 2004 - 2016

Þróunin á leigumarkaðnum (Mynd 26) er neikvæð fram að bankahruni á syðsta hluta Vesturlands en svo lagast hún fram til ársins 2010 en hefur síðan farið versnandi á ný. Það er mjög trúlega vegna flóttta fólks frá höfuðborginni út í nágrennasveitarfélögin (andborgarmyndunar) á þenslutímum sem snýst síðan við þegar kreppir að eins og fjallað hefur verið um (Karlsson, 2013, p. 13). Eftir stöðugt hagvaxtartímabil frá um 2011 eða 2012 hefur spennan á leigumarkaðnum aukist og staðan því versnað á ný. Allt annarrar þróunar gætir á norðanverðu Vesturlandi. Það getur bæði verið vegna slælegrar þátttöku þar eða að meiri fjarlægð frá Reykjavík haldi þeim frá áhrifum andborgarmyndunar.




Mynd 27: Staða á sölumarkaðnum 2004 - 2016

Þróunin á sölumarkaðnum (Mynd 27) er ólíkari. Á Akranesi og í Hvalfirði hefur staðan farið úr því að vera mjög góð árið 2004 og miklu betri en alls staðar annars staðar á Vesturlandi yfir í að vera nærri jafnslæm og annars staðar á Vesturlandi. Hvergi annars staðar er þróunin eins einhlítt neikvæð frá 2004. Ekki er auðvelt að útskýra hvers vegna þessi ferill er svona og muninn á milli svæða eða hvers vegna hann er svona ólíkur þróuninni á leigumarkaði. Sennilega má rekja það til mismunandi seigju leigu og sölumarkaðar. Auk þess getur framboð á lóðum og eignum í byggingu breytt meiru á sölumarkaði en leigumarkaði.


Á Borgarfjarðarsvæði lagast staðan stöðugt fram til 2010 en hefur versnað síðan. Það má sennilega útskýra með því að húsum í byggingu fjölgaði seint á þensluskeiðinu fyrir bankahrún, mun seinna en á höfuðborgarsvæðinu og eitthvað seinna en á Akranesi og í Hvalfirði. Það útskýrir muninn á ferlum Akraness og Hvalfjarðar annars vegar og Borgarfjarðarsvæðis hins vegar árin 2004, 2007 og 2010. Eftir bankahrúnið var síðan mjög mikið af eignum á sölu í Borgarnesi og töldu ýmsir „að nóg væri af húsnæði næstu 50 árin“. Nú er svo komið að lítið sem ekkert er á sölu.

Á hinum svæðunum var lítið byggt nýtt á þensluskeiðinu fyrir bankahrún og því ólík þróun þeirri sem var sunnar. Skammtímaviðbrögð sem urðu í kjölfar hrunsins, er fólk sótti skyndilega aftur út á ystu jaðra landsins, kann að útskýra þessa lækkun á milli 2007 og 2010 á Norð-Vesturlandi. Þessi viðbrögð birtust m.a. í fjölgun íbúa á Vestfjörðum. Samskonar sveiflna gætir líka á leigumarkaðnum á þessu svæði (Mynd 26).



Mynd 28: Mikilvægi íbúða til sölu 2004 - 2016

Eins og vænta mátti er mikilvægi fyrir leiguíbúðir og íbúðir til sölu mjög svipað milli landshluta og frá einu ári til annars (Mynd 28 og Mynd 29).




Mynd 29: Mikilvægi leiguíbúða 2004 - 2016

Í samanburði við önnur búsetuskilyrði eru íbúðir til sölu og leigu frekar neðarlega á mikilvægis-skalanum (Mynd 6, Mynd 8, Mynd 10, Mynd 12 og Mynd 14). Þó eru íbúðir til sölu á öllum svæðum mikilvægari en íbúðir til leigu. Þessi afstaða markast kannski helst af því hverjir taka þátt í könnuninni. Það eru núverandi íbúar sem eru þá væntanlega allflestir í tryggu húsnæði. Afstaða þeirra endurspeglar kannski að einhverju leyti umræðuna í byggðarlaginu – en það er umræða sem stýrist af núverandi íbúum líka. Könnun gagnvart fólki sem hefur reynt að setjast að á viðkomandi stöðum myndi trúlega breyta mikilvægisröð búsetuskilyrðanna.

6.8 MENNTUN VESTLENDINGA


Í könnuninni hefur lengi verið spurt út í menntun þátttakenda. Orðrétt: „Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.“ Þá geta þátttakendur merkt við sjö möguleika: 1) Grunnskóla- eða gagnfræðapróf 2) Próf af styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ýmsar styttri starfsnámsbrautir 3) Próf í iðngrein 4) Stúdentspróf 5) Háskólanám (fyrsta háskólagráða) 6) Framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt) 7) Annað, hvað?



Mynd 30: Hlutfall þeirra íbúa sem eingöngu er með grunnskólapróf


Á grundvelli spurningarinnar hefur verið hægt að vinna áhugaverð hlutföll sem gefa vísbendingar um menntun í landshlutanum. Hlutfall íbúa sem eingöngu er með grunnskólapróf hefur lækkað á milli kannana á Vesturlandi öllu. Hlutfallið var 30% árið 2007, 26% árið 2010, 20% árið 2013 og komið í 27% árið 2016 (Mynd 30). Árið 2016 var þetta hlutfall lægst Á Akranesi og í Hvalfirði, síðan eru Borgarfjarðarsvæði og Snæfellsnes mjög svipuð en Dalirnir sýnu hæstir. Þróunin er svolítið ólík. Ef haft er í huga að gildið fyrir 2013 er frekar bjagað, eins og rætt var framarlega í skýrslunni, þá er breytingin einna mest á Snæfellsnesi til lækkunar á því frá upphafi íbúakannana.

Þetta hlutfall hefur verið 29% fyrir landið allt samkvæmt Hagstofu Íslands. Þess vegna verður hlutfallið fyrir Vesturland að teljast óvenjulágt. Þættir sem gætu útskýrt þetta eru t.a.m. að þeir, sem eru með mjög litla framhaldsmenntun eins og meirapróf eða annað sem tekur innan við 1 ár að ná, eru flokkaðir hjá Hagstofunni með þeim, sem hafa eingöngu grunnskólapróf, en ekki í tölum SSV. Þá eru þátttakendur ekki yngri en 18 ára í íbúakönnuninni en könnun Hagstofunnar nær einnig til 16 og 17 ára fólks og þar með hækkar hlutfall þeirra sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi. Þá kann hluti af skekkjunni í tölum SSV að vera úrtaksskekkja en úrtakið var ekki nógu tilviljunarkennt fyrir árið 2013 eins og rætt hefur verið.



Mynd 31: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið prófi í iðngrein

Þá var hlutfall íbúa sem hafa lokið prófi í iðngrein skoðað. Í ljós kom að það var lægst í Dölum 18%, í kringum 22% á Snæfellsnesi og á Borgarfjarðarsvæðinu en hæst á Akranesi og í Hvalfirði 26% (Mynd 31). Heilt yfir má segja að hlutfallið hafi alls staðar hækkað frá 2010, sem er nokkuð eðlilegt þar sem iðnaðarmenn hurfu utan í atvinnuleit eftir hrunið en hafa verið að snúa aftur heim eftir að hagkerfið náði vopnum sínum á ný.




Mynd 32: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið háskólaprófi

Fjöldi íbúa með háskólapróf er hlutfallslega mestur á Borgarfjarðarsvæði, um 35%, en mjög svipaður á öðrum svæðum, á bilinu 27-30% (Mynd 32). Heilt yfir virðist þetta hlutfall hafa aukist á öllum svæðum á þeim tíma sem íbúakannanir hafa verið framkvæmdar.


6.9 STOÐKERFI ATVINNULÍFSINS

Í könnuninni var reynt að skoða eftirspurnina eftir stoðkerfi atvinnulífsins – einkum símenntun og ráðgjöf. Fyrst var spurt hvort viðkomandi hafi sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum. Rúm 44% þátttakenda á Vesturlandi hafa sótt eða varið tíma í slíkt nám. Í kringum 21% þátttakenda hefur sótt tíma 4 sinnum eða oftar og tæplega 23% hafa sótt tíma í sí- og endurmenntun 1-4 sinnum á síðastliðnum 2 árum. Ef svæðin innan Vesturlands eru borin saman kemur í ljós að minnst sókn, eða rúm 38%, er í sí- og endurmenntun á Snæfellsnesi, hærra er hlutfallið á Akranesi og í Hvalfirði, eða 44%, en hæst á Borgarfjarðarsvæðinu og í Dölum, um 49% (Mynd 33).



Mynd 33: Hlutfall þeirra íbúa sem sóttu sí- og endurmenntun síðastliðin 2 ár

Þá var einnig spurt í könnuninni hvort fólk hefði verið að notfæra sér þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands, orðrétt: „Hefur þú nýtt þér þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands í formi rekstrarráðgjafar eða annarrar ráðgjafar sl. tvö ár?“ Í ljós kom að fæstir gera það á Akranesi og í Hvalfirði (Mynd 34), þá á Snæfellsnesi og á Borgarfjarðarsvæði en mest í Dölunum. Á öllum svæðum hefur þetta dregist saman nema í Dölunum. Það er að sumu leyti eðlilegt þar sem þörfin á þjónustu Atvinnuráðgjafar er mest þegar kreppir að. Dalirnir búa við þá sérstöðu að geta talist til brothættra byggða eins og Byggðastofnun skilgreinir þær og þess vegna er þörfin þar stöðug og mikil – eða svipuð og jafnvel meiri en þörf annarra svæða á krepputímum eins og sjá má á stöðunni árið 2010.




Mynd 34: Hlutfall þeirra íbúa sem sóttu þjónustu Atvinnuráðgjafar Vesturlands

6.10 VINNUSÓKNARSVÆÐI VESTLENDINGA

Sem fyrr var gerð var tilraun til að meta vinnusóknarsvæði Vesturlands. Í spurningakönnuninni var spurt hversu langt væri á milli heimilis og vinnustaðar. 68% Vestlendinga sækja vinnu í 0-10 kílómetra fjarlægð frá heimili sínu, 11% í 11-20 kílómetra, 4% í 21-30 kílómetra, 4% í 31-40 kílómetra og 4% í 41-50 kílómetra fjarlægð.


Þetta er landfræðileg útvíkkun á vinnumarkaðssókninni frá fyrri könnun þar sem 74% Vestlendinga sótti vinnu í 0-10 km fjarlægð 2013. Athygli vakti að dæmi eru um að Vestlendingar sækja vinnu um fleiri hundruð kílómetra frá heimili sínu. Þá virðast Snæfellingar búa næst vinnustað sínum. Yfir 85% þeirra búa í 0-10 kílómetra fjarlægð frá vinnustað sínum. 72% Dalamanna, 59% Borgfirðinga og um 63% íbúa á Akranesi og í Hvalfirði vinna í 0-10 kílómetra fjarlægð frá heimili sínu. Þá kom í ljós að íbúar á Akranesi og Hvalfirði virðast ferðast mest vegna vinnu. Um 9% svara því til að vinnustaður þeirra sé í 41-50 kílómetra fjarlægð frá heimili og 4% íbúa Borgarfjarðarsvæðis segjast vinna í 71-80 kílómetra fjarlægð sem er fjarlægðin til höfuðborgarsvæðisins frá þessum tveimur svæðum. Það virðist því vera þannig að vinnusókn Vestlendinga á höfuðborgarsvæðið sé mest bundin við þá sem búa á Borgarfjarðarsvæðinu og Akranesi og í Hvalfirði. Því má segja að fólk í Borgarfirði sé farið að sækja aftur vinnu á höfuðborgarsvæðið eftir bankahrun, en í könnuninni 2010 svöruðu ekki margir af Borgarfjarðarsvæði því til að þeir færu svo langt til vinnu.



Mynd 35: Vinnusóknarsvæði Vesturlands


Þó verður í þessu sambandi að minnast þess að höfuðborgarsvæðið er víðfeðmt. Frá Akranesi eru 34 km í Mosfellsbæ, 49 km til Reykjavíkur og 55 í Hafnarfjörð. Frá Borgarnesi eru 59 km í Mosfellsbæ, 74 til Reykjavíkur og 79 til Hafnarfjarðar. Þá er Borgarfjörður líka víðfeðmur. Úr Borgarnesi á Hvanneyri eru 14 km, 31 km í Bifröst, 39 í Reykholt og 62 í Húsafell (um Hvítársíðu). Það er því ekki nema sanngjarnt að vegalengdinni 61-70 km sé bætt við matið frá Borgarfjarðarsvæði til höfuðborgarsvæðisins og kannski þriðjungnum af 81+. Út úr því fást 7%. Þó eru þetta aldrei alveg 7% sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið þar sem Borgarfjörður er

víðfeðmur og einhverjir sækja vinnu annað á Vesturlandi. Að sama skapi mætti hækka tölu Akraness í 12% ef horft er líka til þess að einhverjir Skagamenn sækja vinnu í Borgarfjörð.



Mynd 36: Vinnusóknarsvæði Vesturlands, meðalfjarlægð

Þá voru reiknuð út einföld meðaltöl fyrir fjarlægð á milli heimilis og vinnustaðar þátttakenda og þróunin skoðuð eftir landsvæðum frá því fyrst var spurt, árið 2010. Á því sést að vinnumarkaðssvæðið hefur verið að stækka alls staðar á milli árána 2010 og 2016. Mest hefur það staðið í stað á Akranesi og í Hvalfirði. Á grundvelli meðaltalsins hefur vinnusóknarsvæði Akraness víkkað út um 5% frá 2010, 52% á Borgarfjarðarsvæðinu, 42% á Snæfellsnesi og 37% í Dölunum.




Mynd 37: Vinnusóknarsvæði kvenna á Vesturlandi, meðalfjarlægð

Að síðustu var dregin fram vinnumarkaðssókn kvenna en hún hefur um langt árabil mælst marktækt takmarkaðri en karla landfræðilega séð. En þar hefur hún líka verið í sókn á milli árunna 2010 og 2016, sérstaklega á Snæfellsnesi og í Döllum. Á sunnanverðu Vesturlandi hefur hún frekar staðið í stað. Hlutfallslega hefur vinnusóknarsvæði kvenna stækkað meira en karla frá 2010, nema á Borgarfjarðarsvæði. Á Akranesi hefur það víkkað út um 8% frá 2010, 14% á Borgarfjarðarsvæðinu, rúmlega fjórfaldast á Snæfellsnesi og nærri tvöfaldast í Dölunum.


6.11 ELDRI BORGARAR

Í íbúakönnuninni hefur þjónusta við aldraða verið meðal þeirra þátta sem taldir hafa verið upp þegar spurt er um stöðu þeirra og mikilvægi. Það hefur verið gert síðan 2010. Þátttakendur hafa gefið þættinum rúmlega 3 yfir stöðu þáttarins og hefur það átt við flest svæði. Þessi einkunn hefur heldur lækkað á Snæfellsnesi, Akranesi og í Hvalfirði frá 2010 en breytingarnar hafa í reynd verið hverfandi litlar á milli ára og svæða á Vesturlandi (Mynd 38).




Mynd 38: Mat allra íbúa á stöðu þjónustu við aldraða.
Einkunn á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög slæm og 5 mjög góð.

Athygli vakti að einkunnirnar voru hærri þegar skoðuð voru svör þátttakenda sem voru 65 ára og eldri eingöngu (Mynd 39) og fengu Snæfellsnesið og Borgarfjörður hæstu einkunnina árið 2016. Af þessu mætti því ráða að eldri borgarar væru ánægðari með þjónustuna en aðstandendur þeirra og þeir sem höfðu einhverjar spurnir af henni. Það vekur upp spurningar eins og hvort almannarómur sé neikvæðari en viðhorf þeirra sem fá þjónustuna.




Mynd 39: Mat 65 ára og eldri á stöðu þjónustu við aldraða.
Einkunn á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög slæm og 5 mjög góð.

Árið 2016 var í fyrsta skiptið spurt um stöðu og mikilvægi dvalarheimila. Almennt má segja um þá þjónustu að hún virðist vera mun betri en önnur almenn þjónusta við aldraða þegar þessar tvær einkunnir voru bornar saman (Mynd 40). Þarna er munurinn þó einna mestur í Dölunum.



Mynd 40: Mat allra íbúa á stöðu þjónustu við aldraða og dvalarheimila árið 2016.
Einkunn á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög slæm og 5 mjög góð. Gögn Íbúakönnunar


Þegar klofin voru út svör eldri borgara eingöngu kom í ljós sama munstur og fyrr: að eldri borgarar eru almennt ánægðari með dvalarheimilin en fólk sem er yngra (Mynd 40 borin saman við Mynd 41).



Mynd 41: Mat fólks 65 ára og eldri á stöðu þjónustu við aldraða og Elliheimila árið 2016.
Einkunn á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er mjög slæm og 5 mjög góð. Gögn íbúakönnunar


6.12 ÚTLENDINGAR

Útlendingar hafa aldrei verið fleiri meðal þátttakenda í íbúakönnunni eins og í þessari sem nú greinir frá. Það var vegna þess að könnunin var lögð fyrir á ensku og pólsku að þessu sinni. Reyndar var hún lögð fyrir á ensku árið 2013 en það fjölgaði þátttakendum ekki nógu mikið. Útlendingarnir voru samt ekki nema 37 eða 3,3% af heildinni sem er alltof lítið. Til samanburðar töldust 11,1% íbúa Vesturlands til útlendinga 1. janúar 2017 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það er á bilinu 6%-19% allt eftir því hvar á Vesturlandi gripið er niður (Mynd 42). Þannig að ennþá vantar svolítið upp á þátttöku útlendinga svo viðunandi sé. Þá er líka mikilvægt að ná til sjónarmiða þessa hóps sem orðinn er svo stór hluti af samfélaginu, einkum ef þau eru önnur en hinna innfæddu.




Mynd 42: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 1996-2016.
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.

Þess vegna var ákveðið að greina samt frá niðurstöðunum því þær gefa einhverjar vísbendingar um viðhorf þessa hóps og gætu því hjálpað opinberum aðilum eitthvað í því að mæta nýjum íbúum af erlendum uppruna.




Mynd 43: Hversu hamingjusamur ertu á skalanum 1 til 10?

Fyrst voru svör útlendinga við hamingjuspurningunni athuguð (Mynd 43). Þar kom í ljós að útlendingarnir voru heldur hamingjusamari en Íslendingarnir þó svo munurinn sé hverfandi lítil. Það er a.m.k. ánægjulegt að sjá þá ekki óhamingjusamari en Íslendinga. Þá voru tölurnar brotnar upp eftir stöku hlutum Vesturlands þó svo varhugavert sé að gera mikið úr þeim samanburði vegna þess hve fáir tóku þátt á hverjum stað.




Mynd 44: Viðhorf til sveitarfélagsins

Þegar kom að viðhorfi þeirra gagnvart sveitarfélaginu var munurinn ekki mikill fyrir Vesturland allt en einhver munur kom fram þegar Vesturland var brotið upp (Mynd 44). Spurt var: Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?




Mynd 45: Þjónusta við útlendinga, staða

Þegar kom að þjónustu við útlendinga virtist enginn munur á Íslendingum og útlendingum varðandi afstöðu þeirra gagnvart þeim þætti (Mynd 45). Einhver munur kom fram þegar svörin voru brotin upp á milli svæða á Vesturlandi – einkum á Snæfellsnesi og í Döllum.




Mynd 46: Líkurnar á að flytja á næstu tveimur árum.

Í könnuninni var spurt „finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vesturlandi á næstu tveimur árum?“ (Mynd 46). Ekki var mikill munur á svörum útlendinga og Íslendinga þegar horft var til Vesturlands alls en mestur var hann á þessum hópum á Borgarfjarðarsvæði. Fjöldi háskólanemenda á því svæði er sennilega nærtækasta skýringin.



Mynd 47: Menntun


Ekki var verulegur munur á menntun Vestlendinga þegar svörin voru brotin upp eftir uppruna en yfirleitt útlendingum í hag (Mynd 47).



Mynd 48: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi að mati Útlendinga.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5. Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Mynd af stöðu og mikilvægi búsetuþátta var dregin upp fyrir Vestlendinga af erlendum uppruna og mynstrið virðist í fyrstu vera kunnuglegt (Mynd 48) frá myndinni sem dregin var upp fyrir alla Vestlendinga (Mynd 14) en sennilega er nú áhugaverðara að sjá hver munurinn er á afstöðu þeirra og innfæddra. Það má sjá í næstu mynd.



Mynd 49: Viðhorf útlendinga á stöðu búsetuskilyrða borið saman við viðhorf annarra íbúa.

Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5.

Myndin sýnir breytingu á meðaleinkunn búsetuskilyrðanna milli kannana 2013 og 2016.


Hún sýnir hvar viðhorf útlendinga voru ólík innfæddra (Mynd 49). Tökum þáttinn „Barnafólk“ sem dæmi. Þar telja útlendingar þáttinn vera eins mikilvægan og innfæddum og staðan mun betri. Þið sjáið því að þannig er ástatt um alla þá þætti sem eru vinstra megin í myndinni efst. Þættirnir sem lentu hins vegar hægra megin í myndinni niðri voru þættir sem útlendingar töldu mikilvægið meira og stöðuna verri en innfæddir. Þetta voru þættir eins elliheimili, þjónusta við aldraða, fatlaða, grunnskóli og gæði framhaldsskóla svo þeir helstu eru nefndir.

Þá leggja Vestlendingar af erlendum uppruna meira upp úr þáttum eins og möguleikum til framhaldsskóla- og háskólanáms, tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar, fjölbreytni atvinnulífs og gæði leikskóla en innfæddir.

Þá eru útlendingar jafn sammála Íslendingum um mikilvægi heilsugæslu en telja hana í mun betri stöðu en Íslendingar.


Það er á vissan hátt ánægjulegt að sjá að útlendingar eru oftar ánægðari með stöðu þeirra þátta sem þeir telja almennt mikilvægari fyrir áframhaldandi búsetu sinni en Íslendingar (samanburður á fjölda og afstöðu punktanna í reitnum hægra megin uppi og hægra megin niðri).

6.13 BAKGRUNNSBREYTUR



Mynd 50: Aldursdreifing þátttakenda árið 2016


Skipting svörunar á milli aldurshópa (Mynd 50) hefði mátt vera í betra samræmi við raunverulega aldersdreifingu íbúa á Vesturlandi (Mynd 51). Almennt má segja að svörun í yngsta aldurshópnum sé minni en raunveruleg aldersdreifing og vaxi frekar með aldri.



Mynd 51: Aldursdreifing íbúa á Vesturlandi sem voru eldri en 18 ára 1. janúar 2016

Ástæða þessarar skekkju á milli aldurshópa kann að vera af ýmsum toga. Ein þeirra getur verið sú að töluvert af ungu fólki hafi verið skráð í þessum sveitarfélögum án þess að búa þar. Það er


algengt úti á landi að ungt fólk sé skráð í foreldrahúsum þar til það lýkur námi eða stofnar til fjölskyldu. Auk þess lætur yngra fólk sig samfélagsmál síður varða þar til það fer út á vinnumarkaðinn eða stofnar fjölskyldu. Þetta tvennt kann að draga úr svörun unga fólksins.



Mynd 52: Fjöldi barna á heimili þátttakenda 2016

Samkvæmt tölum könnunarinnar er ekki mikill munur á milli svæða á Vesturlandi varðandi það hvort börn eru á heimilunum þátttakenda eða ekki: 42-44% (Mynd 52).


Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir árið 2016 má meta það sem svo að börn hafi verið á um 24% heimila á Íslandi og 25% heimila á Vesturlandi. Ef Vesturland er brotið upp kemur í ljós að þetta hlutfall er 28% á Akranesi og í Hvalfirði, 24% á Borgarfjarðarsvæði, 23% á Snæfellsnesi og 24% í Dölunum. Þessar tölur eru ekki alveg sambærilegar þeim sem birtar eru yfir könnunina (Mynd 52) þar sem oft eru tveir fullorðnir á heimilum landsmanna og landshlutans. Þær gefa þó einhverja vísbendingu.



Mynd 53: Hjúskaparstaða þátttakenda á Vesturlandi í könnunum frá upphafi

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda er í hjónabandi eða sambúð en 19-26% þeirra eru einhleypir, lægsta hlutfallið er á Akranesi og í Hvalfirði (Mynd 53).


Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands frá árinu 2016 voru 46% landsmanna, 18 ára og eldri, einhleypir, 40% á Akranes- og Hvalfjarðarsvæðinu, 45% í Borgarbyggð, 41% á Snæfellsnesi og 43% í Dölunum (Mynd 53). Samkvæmt þessu er hlutfall einhleypra á meðal þátttakenda í könnuninni lágt.



Mynd 54: Hlutfall þeirra sem fæddir eru erlendis, brotið upp eftir búsetu á Vesturlandi

Á Vesturlandi var hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 1. janúar 2013 á bilinu 5,5%-18,6% og mismunandi eftir svæðum, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hlutfallið var hæst á Snæfellsnesi, 18,6%, á Akranes- og Hvalfjarðarsvæðinu 7,8%, á Borgarfjarðarsvæðinu 7,5% og lægst í Dölum, 5,5%. Til samanburðar voru íbúar með erlent ríkisfang 10% á landsbyggðinni samkvæmt tölum Hagstofunnar en 11,1% á höfuðborgarsvæðinu. Svarhlutfall þessa hóps var ekki hátt þó það hafi skánað á milli kannana. Tungumálaörðugleikar geta verið ráðandi þáttur í því. Gert var sérstakt átak til að auka svarhlutfall útlendinga með því að þýða könnunina á ensku og í fyrsta skiptið nú á pólsku.

Þetta kann líka að endurspeglar þann hluta innflytjenda sem búið hefur hér í skamman tíma og hyggur ekki enn á búsetu til frambúðar. Þeir íbúar sem sjá fram á að búa skamman tíma í sveitarfélaginu láta síður að sér kveða í spurningakönnunum sem þessum. Þess utan eru nýir íbúar alltaf nokkurn tíma að átta sig á því hvernig þeim líkar, átta sig á aðstæðum og öðlast samkennd. Mjög lítil hluti þátttakenda í könnuninni er fæddur utan Íslands, einungis 3,4-4,4%. Hæst er hlutfallið á Akranesi og í Hvalfirði en lægst í Dölunum (Mynd 54).



Mynd 55: Kyn þátttakenda eftir búsetu á Vesturlandi

Að lokum er birt kynjahlutfall⁴ þátttakenda og skráðra íbúa til samanburðar. Í ljós kom að það er á bilinu 116-138% þegar horft er til þátttakenda en 95-97% samkvæmt tölum hagstofunnar yfir skráða íbúa. Það þýðir að konur eru mun duglegri að taka þátt en karlar og verður því að skoða niðurstöðurnar í því ljósi.

⁴ Kynjahlutfall er fjöldi kvenna deilt með fjölda karla.

7 VIÐAUKI

7.1 MERKINGAR ÞÁTTA OG SKILGREININGAR

Tafla 6: Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra.

Merking í myndum	Áhrifaþáttur - frekari skilgreining
Afþreying	Tækifæri til afþreyingar
Aldraðir	Þjónusta við aldraða
Almsamg	Almenningssamgöngur
Atvinnulausir	Þjónusta við atvinnulausa
Atvinnurekstur	Möguleikar á eigin atvinnurekstri
Atvinnuúrval	Fjölbreytni atvinnulífs
Atvinnuöryggi	Atvinnuöryggi
Barnafólk	Þjónusta við barnafólk
Farsími	Farsímasamband
Fatlaðir	Þjónusta við fatlaða
Fjárhagsvandi	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda
Framfærsla	Framfærslukostnaður
Framhsk	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi
Framhsk gæði	Gæði framhaldsskóla
Friðsæld	Friðsæld
Grunnskóli	Gæði grunnskóla
Háskóli	Námsmöguleikar á háskólastigi
Heilsugæsla	Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana
Internet	Nettengingar
Íbúðir	Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu
Íþróttir	Tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar
Launatekjur	Launatekjur
Leiguíbúðir	Framboð á húsnæði til leigu
Leikskóli	Gæði leikskóla
Mannlíf	Gott mannlíf
Menning	Menningarlíf
Náttúra	Nálægð við fjölbreytta náttúru
Umferð	Greið bílaumferð
Unglingastarf	Gæði unglingsstarfs
Útlendingar	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna
Vegakerfi	Vegakerfi
Vöruúrval	Vöruúrval/þjónustuval
Vöruverð	Vöruverð
Örugg umferð	Umferðaröryggi
Öryggi	Almennt öryggi
Skipulagsmál	Skipulagsmál
Tónlistarskóli	Tónlistarskóli
Bókasöfn	Bókasöfn
Félagsheimili	Félagsheimili
Elliheimili	Dvalarheimili aldraðra

7.2 SPURNINGAR KÖNNUNARINNAR

Spurningar könnunarinnar voru 18

1. Kyn
2. Í hvaða sveitarfélagi býrðu?
3. Býrðu í bæ eða sveit?
4. Hvaða ár fæddist þú?
5. Hver er hjúskaparstaða þín?
6. Eru börn (yngri en 18 ára) á heimilinu?
7. Hversu mörg börn eru á heimilinu?
8. Hvað hefur þú búið lengi í sveitarfélaginu samtals (í árum talið)?
9. Hvert er fæðingarland þitt?
10. Hvað hefur þú búið lengi á Íslandi?
11. Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi?⁵
12. Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa á Suðurlandi?
13. Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Suðurlandi á næstu tveimur árum?
14. Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum til annars sveitarfélags á Suðurlandi á næstu tveimur árum?
15. Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? *
16. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
17. Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf?
18. Hversu langt er á milli heimilis þíns og vinnustaðar (í kílómetrum talið, u.þ.b.)?
19. Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf?
20. Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi (ár)?
21. Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)?
22. Hvert er starfshlutfall þitt?
23. Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði? Átt er við allar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki fjármagns-, leigutekjur eða barnabætur og aðrar bætur.
24. Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.
25. Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum?
26. Hefur þú nýtt þér ráðgjafabjónustu á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar sl. tvö ár?
27. Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 1 til 10 þegar þú horfir til allra þátta í lífi þínu?
28. Ert þú í vanskilum?
29. Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til sveitarfélagsins sem þú býrð?
30. Hver (-jar) er helsta (-u) ástæða (-ur) fyrir viðhorfi þínu í spurningunni á undan?
31. Er það eitthvað sem þú vilt láta koma fram að lokum?

⁵ Undirþættir þessarar spurningar og spurningar 15 voru síða þeir 40 sem koma fram í viðauka 7.1

7.3 FORGANGSVERKEFNALISTI

Tafla 7: Forgangsverkefnalisti á Vesturlandi í fullri lengd.

Forgangsröð	Akranes og Hvalfjörður	Borgarfjarðar-svæði	Snæfellsnes	Dalir
1	Leiguíbúðir	Launatekjur	Leiguíbúðir	Vöruverð
2	Vegakerfi	Vegakerfi	Vöruverð	Vegakerfi
3	Launatekjur	Leiguíbúðir	Heilsugæsla	Launatekjur
4	Framfærsla	Skipulagsmál	Atvinnuúrval	Internet
5	Afþreying	Atvinnuúrval	Vöruúrval	Atvinnuúrval
6	Atvinnuúrval	Internet	Háskóli	Örugg umferð
7	Vöruverð	Framfærsla	Framfærsla	Vöruúrval
8	Skipulagsmál	Heilsugæsla	Launatekjur	Leiguíbúðir
9	Íbúðir	Örugg umferð	Vegakerfi	Framfærsla
10	Aldraðir	Atvinnuöryggi	Afþreying	Almsamg
11	Atvinnuöryggi	Vöruverð	Internet	Farsími
12	Vöruúrval	Afþreying	Atvinnuöryggi	Afþreying
13	Fjárhagsvandi	Íbúðir	Íbúðir	Framhsk
14	Háskóli	Fjárhagsvandi	Skipulagsmál	Háskóli
15	Heilsugæsla	Almsamg	Aldraðir	Fatlaðir
16	Menning	Vöruúrval	Fjárhagsvandi	Íbúðir
17	Barnafólk	Barnafólk	Barnafólk	Íþróttir
18	Fatlaðir	Farsími	Almsamg	Framhsk gæði
19	Félagsheimili	Unglingastarf	Atvinnulausir	Atvinnuöryggi
20	Elliheimili	Aldraðir	Fatlaðir	Aldraðir
21	Örugg umferð	Fatlaðir	Farsími	Menning
22	Atvinnulausir	Öryggi	Unglingastarf	Unglingastarf
23	Mannlíf	Menning	Elliheimili	Barnafólk
24	Öryggi	Mannlíf	Menning	Fjárhagsvandi
25	Almsamg	Atvinnurekstur	Mannlíf	Atvinnulausir
26	Atvinnurekstur	Umferð	Örugg umferð	Öryggi
27	Unglingastarf	Íþróttir	Íþróttir	Atvinnurekstur
28	Framhsk gæði	Atvinnulausir	Félagsheimili	Skipulagsmál
29	Friðsæld	Grunnskóli	Atvinnurekstur	Umferð
30	Íþróttir	Útlendingar	Öryggi	Heilsugæsla
31	Umferð	Framhsk gæði	Framhsk gæði	Tónlistarskóli
32	Útlendingar	Elliheimili	Útlendingar	Útlendingar
33	Internet	Friðsæld	Grunnskóli	Mannlíf
34	Grunnskóli	Tónlistarskóli	Tónlistarskóli	Elliheimili
35	Náttúra	Félagsheimili	Friðsæld	Grunnskóli
36	Bókasöfn	Bókasöfn	Leikskóli	Leikskóli
37	Framhsk	Leikskóli	Framhsk	Bókasöfn
38	Farsími	Náttúra	Umferð	Friðsæld
39	Leikskóli	Háskóli	Bókasöfn	Félagsheimili
40	Tónlistarskóli	Framhsk	Náttúra	Náttúra

Heimild

Vífill Karlsson. (2013). Orsakir búferlaflutninga fyrir og eftir hrun. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 5-26.